



1. september 2021  
Tilv.: 2107092

Númer: 45/2021

Dreifibréf til verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, rekstraraðila markaða, rekstarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða og annarra sem málið varðar

### **Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um vörubrúun og dreifingu**

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um vörubrúun og dreifingu (ESMA35-43-620 Guidelines on MiFID II product governance requirements). Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á fót samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES. Markmið þeirra er að fjárfestingarafurðir séu framleiddar með viðskiptavininn í huga en ekki söluaðilann.

Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:

[https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/esma35-43-620\\_guidelines\\_on\\_mifid\\_ii\\_product\\_governance\\_requirements\\_0.pdf](https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/esma35-43-620_guidelines_on_mifid_ii_product_governance_requirements_0.pdf)

Þann 1. september 2021 tóku gildi lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Í 22. gr. laganna er kveðið á um vörubrúun og dreifingu fjármálagerninga og samsettra innstæðna. Einnig er fjallað um vörubrúun og dreifingu í 9. og 10. gr. framseldrar tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/593 sem verður innleidd hér á landi með reglugerð. Umræddar viðmiðunarreglur eru nánari útfærsla á ákvæðunum.

Viðmiðunarreglurnar ná til verðbréfafyrirtækja eins og þau eru skilgreind í 64. tl. 4. gr. laga nr. 115/2021 og hafa verið í gildi innan Evrópu frá 3. janúar 2018.

Viðmiðunarreglunum er skipt upp í fjóra hluta:

1. *Almennt um gildissvið viðmiðunarreglnanna*
2. *Viðmiðunarreglur fyrir framleiðendur (e. manufacturers)*

Viðmiðunarreglurnar veita framleiðendum m.a. leiðbeiningar við skilgreiningu á markhóp vörunnar og til hvaða atriða þeir ættu að horfa. Við skilgreiningu á markhóp vöru ætti framleiðandi m.a. að hafa í huga flokkun viðskiptavina sem vörunni er beint að, þekkingu og reynslu þeirra, fjárhagsstöðu með áherslu á getu til að mæta tapi, áhættuþol og einnig fjárfestingarmarkmið og þarfir viðskiptavina. Framleiðendi ætti að skilgreina með skýrum hætti hugtök sem notuð eru til að skilgreina markhóp vöru út frá framangreindum atriðum. Framleiðanda ber jafnframt að skilgreina markhóp út frá eiginleikum vöru, til dæmis flækjustigi. Dreifingaráætlun þarf einnig að vera í samræmi við skilgreindan markhóp.

3. *Viðmiðunarreglur fyrir dreifingaraðila (e. distributors)*

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Viðmiðunarreglurnar veita dreifingaraðilum m.a. leiðbeiningar um aðkomu að skilgreiningu á markhóp vöru og til hvaða atriða dreifingaraðili ætti að horfa til við skilgreiningu á markhóp vörunnar og yfirferð á dreifingaráætlun framleiðanda. Dreifingaraðilar ættu að tryggja að samræmi sé annars vegar á milli þeirra vara sem í boði eru og þjónustu sem veitt er og hins vegar markhópsins, þ.m.t. þarfa, eiginleika og markmiða viðskiptavina sem vöru er beint að. Þá er áréttað að skyldan til að meta hæfi og tilhlýðileika geti ekki komið í stað skilgreiningar á markhóp, enda ber dreifingaraðilum að sinna þeirri skyldu áður en kemur að slíku mati. Þá eru veittar leiðbeiningar um dreifingu vara sem framleiddar eru af aðilum sem falla ekki undir gildissvið laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Vörur sem voru framleiddar og komnar í dreifingu fyrir gildistöku laga um markaði fyrir fjármálagerninga þurfa ekki að uppfylla kröfur laganna um vöruþróun og dreifingu. Vörur sem framleiddar voru fyrir gildistöku en dreifing hófst á þeim eftir að löggin tóku gildi þurfa að uppfylla kröfur laganna hvað varðar skyldur dreifingaraðila og miða þær við aðstæður þegar framleiðandi fellur ekki undir gildissvið laganna.

#### 4. Viðmiðunarreglur sem eiga bæði við um framleiðendur og dreifingaraðila


Framleiðendur og dreifingaraðilar þurfa að meta hvort vara fari ekki saman við tiltekna viðskiptavini, þ.e. hvort neikvæður markhópur sé til staðar. Við mat á því skal beita sömu viðmiðum og gert er við skilgreiningu markhópa. Dreifingaraðilum ber jafnframt að greina þann hóp viðskiptavina með tiltekna hagsmunum, markmiðum og eiginleika sem teljast ósamrýmanlegir vörunni. Ef um sölu utan skilgreinds markhóps er að ræða ætti að rökstyðja það sérstaklega með viðeigandi skjölum, og þar sem það á við, tilgreina í yfirlýsingu um hæfi. Greining á kvörtunum viðskiptavina ætti í vissum tilvikum að leiða til endurskoðunar á vöru- og þjónustuframboði, til dæmis hvort markhópur eða dreifingaráætlun hafi verið rétt skilgreind. Þá eru leiðbeiningar fyrir framleiðendur og dreifingaraðila um hvernig eigi að beita skilyrðum um skilgreiningu á markhóp á heildsölumarkaði, þ.e. í viðskiptum við fagfjárfesta og viðurkennda gagnaðila.


Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitkerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta mun birtast á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til verðbréfafyrirtækja að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Páll Friðriksson  
framkvæmdastjóri  
markaðir og viðskiptahættir

  
Inga Dröfn Benediktsdóttir  
forstöðumaður  
markaðir og viðskiptahættir